




Til: gaukur@husavik.is
Efni: Tillögur að breytingu Aðalskipulags Norðurþings 201-2030 - Vitaslóð/Húsavíkurhöfði og nýju deiliskipulagi við Vitaslóð
Upplýsingar: Sent: 21-08-2019 13:10:41 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019070039, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2019070039

Vísað er til bréfs frá Norðurþingi, dags. 18. júlí sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um byggingareit fyrir hótél við og á bjargbrún á Húsavíkurhöfða. Eins og kemur fram í erindinu verpa í bjarginu einkum fýlar, ritur og silfur máfar og líklega er eitthvað um teistu þá væntanlega líka í urðinni fyrir neðan bjargið.

Samkvæmt þeim gögnum og upplýsingum sem Náttúrufræðistofnun hefur er fjöldi fugla ekki mikill í bjarginu og nær ekki viðmiðum sem mundi gera sjálft bjargið á þessu svæði sem mikilvægt fuglasvæði. Náttúrufræðistofnun hefur hins vegar lagt til að fjara og grunnsævi á vesturströnd Tjörness, frá Húsavíkurhöfða í suðri að Tjörnestá í norðri fari á B-hluta framkvæmdaráætlunar náttúruminjaskrár sem mikilvægt fuglasvæði, sjá <https://ni.is/node/21603>. Forsendur fyrir tillögunni eru að fjörunar eru mikilvægir viðkomustaðir farfugla og þær tegundir sem ná alþjóðlegum viðmiðum eru rauðbrystingur, sendlingur og tildra, ásamt straumönd sem óvenjumikið er af á veturna, sjá einnig bls 271 hér http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf og kortasjá og meðfylgjandi mynd.



Einnig vill Náttúrufræðistofnun benda á að í greinargerði með deiliskipulaginu kemur m.a. fram að þekktar sprungur eru á svæðinu en jafnframt er ástæða til að benda á að jarðskjálftar eru ekki óþekktir á Húsavík. Kemur það því Náttúrufræðistofnun á óvart að fyrirhugað er að byggja fram á bjargbrún. Ennfremur vill Náttúrufræðistofnun minna á grein 5.3.2.14. gr. Skipulagsreglugerðar um skipulag við vötn, ár og sjó og reglur um áherslu á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó.

Niðurstaða

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að framkvæmdir við hótél á byggingarreit samkvæmt tillögu að deiliskipulagi fyrir Húsavíkurhöfða séu ekki líklegar til að hafa verulega neikvæð áhrif á framangreint mikilvægt fuglasvæði og/eða fugl í bjarginu. Engu að síður ber að fara að öllu að gát við framkvæmdir, verði að þeim, og skipuleggja þær þannig að risk verði sem minnst á framkvæmdatíma og fjörum og

grunnsævi verði ekki raskað.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

